

Óefnislegar eignir

Frá og með 1. janúar 2017 er öflun óefnislegra eigna eignfærð hjá ríkisaðilum á grundvelli ákvæða 16. gr. ársreikningalag sem segir „ mega að uppfylltum ákvæðum settra reikningsskilareglna telja til eignar óefnislegar eignir og skal þeirra þá getið í skýringum.„ Hér m.a. átt við kaup hugbúnaðar og vinna við þróun hans og hugbúnaðarleyfi. IPSAS 31 kveður sterkar að orði og segir að óefnislegar eignir skuli eignfærðar. Óefnislegar eignir skal niðurfæra með kerfisbundnum hætti á áætluðum nýtingartíma viðkomandi eigna, þó ekki á lengri tíma en 20 árum. Sé áætlaður nýtingartími lengri en fimm ár skal ríkisaðili gera grein fyrir því í skýringum í ársreikningi.

Nefna má til viðbótar vörumerki, útgáfurétt, heiti, starfsleyfi, höfundarétt, einkaleyfi og hönnun Hugbúnaðarleyfi sem gilda til lengri tíma en eins árs skal eignfæra og miða skal við gildistíma leyfis við gjaldfærslu.

Kostnaður við þróun tölvukerfa skal bóka sem verk í vinnslu (tegundalykill 18012) að uppfylltri skilgreiningu um mat á óefnislegum eignum vegna þróunar hugbúnaðar. Við verklok skal eignfæra kostnað.

Skilgreining og mat á óefnislegum eignum vegna þróunar hugbúnaðar

(IPSAS 31 – INTANGIBLE ASSETS)

- Eðli óefnislegra eigna er í flestum tilfellum að þær eignir kalla ekki á viðbætur eða endurbætur. Eftir eignfærslu óefnislegra eigna eru mestar líkur á því að útgjöld tengist viðhaldi á framtíðar efnahagslegum ávinningi eða þjónustuvirkni viðkomandi eignar, frekar en að uppfylla skilgreiningu um mat á óefnislegum eignum í þessum staðli. Til viðbótar er oft erfiðleikum háð að tengja útgjöld beint við eina óefnislega eign sem tengist almennum rekstri viðkomandi stofnunar. Í fáum tilfellum er því viðeigandi að eignfæra útgjöld sem tengjast óefnislegri eign eftir að hún hefur verið tekin í notkun.
- Eignfæra skal sem óefnislega eign ef:
 - Líklegt er að framtíðar efnahagslegur ávinningur eða þjónustuhagræði sem tengist eign muni nýtast stofnun, og
 - stofnkostnaður er aðgreinanlegur og hægt að meta með áreiðanlegum hætti.
- Stofnun skal meta væntan efnahagslegan ávinning eða þjónustuhagræði með áreiðanlegum og viðeigandi hætti sem byggir á mati stjórnenda á aðstæðum yfir áætlaðan líftíma eignar.

Rannsóknarstig

- Óefnislegar eignir myndast ekki út frá rannsóknum eða fýsileikakönnunum. Útgjöld sem tengjast þessu stigi skal gjaldfæra þegar stofnað er til þeirra.

Þróunarstig

- Bóka skal þróunarverkefni (t.d. sem verk í vinnslu, tegundalykill 18012) að uppfylltum neðangreindum skilyrðum, uppfylla þarf öll skilyrði:
 - Tæknilegt hagræði er af því að ljúka við eignina þannig að hún sé tilbúinn til notkunar eða sölu.
 - Ásetningur er til að ljúka við verkefnið.
 - Að hægt sé að nota eða selja eignina.
 - Hægt að sýna fram á nytsemi eignar, sbr. efnahagslegur ávinningur eða þjónustuhagræði.
 - Hægt að sýna fram á aðgang að tæknilegum lausnum, fjármögnun og öðrum þeim þáttum sem þarf til að tryggja lúkningu þróunar eignar og möguleika á að hægt sé að nota eða selja eignina.
 - Sýna fram á að hægt sé með áreiðanlegum hætti að taka saman útgjöld yfir þróunartímann.